

Alþingi
Erindi nr. P 127/2263
komudagur 11.6.2002

Reykjavík 6. júní 2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Stjórn Tourette-samtakanna fagnar þessu frumvarpi og vonar að Lýðheilsustöð geti orðið sá frumkvöðull og það samræmingarafl sem henni er ætlað og að með stofnun hennar verði heilsuverndar- og forvarnarstarf gert markvissara og heildstæðara en verið hefur.

Við bendum sérstaklega á að það er vitað að einstaklingar með Tourette-heilkenni og/eða athyglisbrest og ofvirkni eru sérstakur áhættuhópur varðandi ofneyslu vímuefna. Þeir eru einnig líklegri til sýna hegðunartruflanir og til að eiga við kvíða og þunglyndi að stríða. Þrátt fyrir þessa vitneskju og þrátt fyrir að erlendar rannsóknir bendi til að stuðningur og þjónusta í æsku dragi mjög úr þessari hættu hefur ekkert markvisst forvarnarstarf verið unnið með þessum hópi. Við vonum að sérstakt fræðslu- og forvarnaráttak fari fram svo börn sem eiga við þessi vandamál að stríða mæti skilningi og fái þá aðstoð sem þau þurfa til að geta tekist á við lífið sem heilsteypir einstaklingar með óbrotna sjálfsmynd.

F.h. stjórnar Tourette-samtakanna á Íslandi



Iris Arnadóttir